

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

#### 1. gr.

Fjárhæðir þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 5. greinar, skulu breytast þannig:  
Í tölulið 1) komi kr. 130 þús. í stað kr. 100 þús.  
Í tölulið 2) komi kr. 400 þús. í stað kr. 300 þús.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr. og 39. gr. stl.b laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Reykjavík frá 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990.

#### 1. gr.

Gjald vegna hundahalds, sbr. starflið c. 1 gr. samþykktar nr. 385/1984, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 600 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1989 til jafnlengdar 1990.

Gjaldið skal greiddast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga, sem er 1. apríl 1989.

Heimilt er að innheimta dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

#### 2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 385/1984, skal vera kr. 3 000 í fyrsta skipti, kr. 4 500 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti.

#### 3. gr.

Ofangreind samþykkt borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*